



Borgarráð

Reykjavík, 9. janúar 2026
USK26010133

Jörfi, Kjalarnes - sala hluta lands

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að selja Vegagerðinni um 15.765,4 m² sem er hluti af landi Jörfa, landnúmer 125701, Kjalarnesi, Reykjavík á krónur 6.243.100.

Greinargerð:

Reykjavíkurborg ásamt Vegagerðinni hefur staðið í breikkun Vesturlandsvegar á hringveginum. Markmið framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur og auka umferðaröryggi vegfarenda. Á stærstum hluta verður veginum breytt í 2+1 veg. Jafnframt verða gerð þrjú hringtorg, veltengingum fækkað og lagðir hliðarvegir, göngu-, hjóla- og reiðstígar. Vegagerðin hefur óskað eftir því að Reykjavíkurborg selji hluta af landi Jörfa undir vegsvæði. Kaupverð í samningi er samtals 6.243.100 kr.- eða 395 kr. á hvern fermetra með fyrirvara um hækkun bóta fyrir hvern fermetra vegna úrskurða matsnefndar eignarnámsbóta.

Virðingarfyllt,
Ragnheiður Sigvaldadóttir
Skrifstofa eignastýringar
Umhverfis- og skipulagssvið

Hjálagt:

Undirritaður kaupsamningur og afsal af hálfu Vegagerðarinnar



Reykjavík

Samið hefur:
AM Praxis ehf.
Reynir Karlsson hrl.
og lögg. fasteignasali
Kirkjuteigi 21, 105 R.

Samningur og afsal

Vegagerðin, kt. 680269-2899, Suðurhrauni 3, 210 Garðabæ, annars vegar, og Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsinu Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir í samningi þessum nefnd landeigandi, hins vegar, gera með sér eftirfarandi samning og afsal í tengslum við breikkun Hringvegar (1) um Kjalarnes, um land Jörfa landeignanúmer 125701, Reykjavík.

Nýtt landeignanúmer _____ Nýtt fasteignanúmer _____

1. gr.

Land undir vegsvæði.

Landeigandi eru þinglýstur eigandi Jörfa, landeignanúmer 125701, Kjalarnesi, Reykjavík. Hann lætur af hendi land undir Hringveg og hliðarveg í landi jarðarinnar í tenglum við framkvæmdir við Hringveg um Kjalarnes. Vegsvæðið sem Vegagerðin kaupir úr landi Jörfa er 15.765,4 m² og fær landeignanúmerið 239355, sbr. fylgiskjal 1, mæliblað 32.441.202, Jörfi vegsvæði, hnitsettur uppdráttur.

Breidd vegsvæðis Hringvegar er 60 metrar, þ.e. 30 metrar til hvorrar handar út frá miðlínu deiliskipulags svæðis og breidd vegsvæðis hliðarvega 30 metrar, þ.e. 15 metrar frá miðlínu þeirra til hvorrar handar.

Heildarflatarmál lands þ.e. þinglýst vegsvæðis verður alls 15.765,4 m².

2. gr.

Bætur fyrir land

Svo sem að framan greinir er heildarflatarmál lands undir veg 15.765,4 m². Vegagerðin greiðir því landeiganda bætur sem hér segir:

Land undir vegsvæði 15.765,4 m² @ 396 kr./m² kr. 6.243.100

Samtals:

kr. 6.243.100

Bæturnar verða inntar af hendi innan 30 daga frá þinglýsingu samnings þessa. Telst Vegagerðin þá réttur og löglegur eigandi ofangreindrar landspildu undir vegsvæði frá þeim degi. Bætur greiðast inn á reikning Reykjavíkurborgar – eignasjóðs kt. 570480-0149 nr. 0334-26-54780.

3. gr.

Frágangur raskaðs lands.

Vegagerðin mun annast frágang raskaðs lands.

1. G.

4. gr.

Fyrirvari vegna hækkunar bóta

Komi til þess að aðrir landeigendur á Kjalarnesi en sá sem er aðili að samningi þessum, fái hærri bætur frá Vegagerðinni vegna lagningar Hringvegar um Kjalarnes, s.s. vegna úrskurða matsnefndar eignarnámsbóta, niðurstöðu dómsstóla eða samninga við Vegagerðina, skal hækka bætur samkvæmt samningi þessum í samræmi við það svo fyllsta jafnræðis sé gætt, enda sé um algerlega sambærilegar forsendur að ræða í málunum.

5. gr.

Réttarfar

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

6. gr.

Undirritun og þinglýsing

Samningi þessum og afsali skal þinglýst. Vegagerðin ber allan kostnað af þinglýsingu, þ.m.t. stimpilgjöld.

Af samningi þessum eru gerð þrjú samhljóða eintök og halda aðilar einu hvor um sig en eitt eintak fer til þinglýsingar.

Öllu framanrituðu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir í viðurvist tveggja tilkvaddra vitundarvotta.

Reykjavík,

2025

F.h. Reykjavíkurborgar
með fyrirvara um samþykki borgarráðs

F.h. Vegagerðarinnar

Ingibjörg Guðmundsd.

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði


Reynir Skallan

Nafn og kennitala



Nafn og kennitala 220356-5239

Fylgiskjöl:

1. Mæliblað 32.441.202, Jörfi vegsvæði, hnitsettur uppdráttur.
2. Eyðublað F-550 Umsókn um skráningu nýrra landeigna í fasteignaskrá.



Hnitaskrá			
Landshafnakerfi ISN93			
Nr.	X-ímt	Y-ímt	
008	362933,13	418639,52	
009	362933,92	418644,39	
010	362745,51	418704,17	
011	362766,38	418741,68	
012	362805,16	419654,65	
013	362817,78	419662,20	
014	362766,48	418654,61	
015	362773,54	418801,42	
016	362782,68	418911,78	
017	362790,22	419130,80	
018	362801,80	419390,63	
019	362670,21	418629,63	
020	362674,00	418629,95	
021	362865,58	418630,94	
023	362869,87	418631,90	
024	362771,40	418634,35	
025	362738,55	418636,87	
106	362747,26	418638,58	
107	362748,47	418638,64	
108	362691,56	418667,46	
201	362705,42	418681,33	
202	362764,93	418784,64	
203	362765,10	418927,69	
204	362766,66	418977,29	
205	362769,04	418977,98	
206	362750,75	418674,28	
207	362732,50	418664,66	
208	362710,83	418644,02	



Mæilblaðið byggir á:

Uppdrættinum, rítingvegur um Klámmes - veggsvæði, unnin af Veggertólini, dags. 20.09.2021.
Landamerkiupdrætti 32.441.2 fyrir Jörða L125701 unnin af Landuppsýngadeild Reykjavíkur,
dags. 19.07.2022.

Landamerki taka gildi við þinglýsingu.
Það er á ábyrgð landeiganda að landamerkjum sé þinglýst.